

**Ed.**

## **450. Frumvarp til laga**

um gagnfræðanám.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 434, með þessum breytingum:

9. gr. hljóðar svo:

Við hvern gagnfræðaskóla og miðskóla skal vera skólanefnd skipuð 5 mönnum. Í kaupstöðum skulu 4 þeirra kosnir hlutfallskosningu af nýkosinni bæjarstjórn, en utan kaupstaða af sýslunefnd.

Ef tvö eða fleiri fræðsluhéruð standa saman um skóla, kýs hver sýslunefnd tvö skólanefndarmenn. Fræðslumálastjórn skipar einn mann í nefndina, og er hann formaður. Skipun hans gildir um sama límabil.

Par sem skyldufræðsla gagnfræðastigsins fer fram í barnaskólum, skal vera sama skólanefnd fyrir bæði skólastigin. Nú standa tvö eða fleiri skólahverfi saman um skóla, sem veitir aðeins skyldufræðslu gagnfræðastigsins, og setur fræðslumálastjórn þá reglur um fjölda skólanefndarmanna og hve margir skulu kosnir fyrir hvert skólahverfi, og skal í því efni hafa hliðsjón af fólksfjölða.

Heimilt er að fela fræðsluráði störf skólanefndar við þessa skóla, ef fræðslumálastjórn og hlutaðeigandi bæjarstjórnir eða sýslunefndir eru sammála um það.

c-liður 10. gr. hljóðar svo:

að ráða skólastjóra og kennara úr hópi umsækjenda. Þó þarf samþykki fræðslumálastjórnar um ráðning þeirra.

54. gr. hljóðar svo:

Fastir kennrarar við skóla gagnfræðastigsins eru embættismenn ríkisins og taka laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum. Ríkissjóður greiðir einnig styrk til stundakennslu samkv. 57. og 63. gr. Annar rekstrarkostnaður greiðist úr skólasjóði. Tekjur skólasjóðs eru: húsaleiga, tekjur af eignum skólans og tekjur af ýmiss konar starfrækslu, sem rekin er í því skyni að afla skólanum tekna. Að svo miklu leyti, sem þessar tekjur hrökkva ekki fyrir gjöldum skólasjóðs, greiða hlutaðeigandi sveitarfélög sjóðnum helming þess, sem á vantar, eftir sömu reglum og stofnkostnaður er greiddur, en ríkissjóður greiðir hinn helminginn. Fræðslumálastjórn ákvæður húsaleigu heimavistarnemenda í samráði við skólastjóra og skólanefnd.

61. gr. hljóðar svo:

Skólar gagnfræðastigsins eru sjálfseignarstofnanir eða eign hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélaga.

62. gr. hljóðar svo:

Skólar þeir, sem svara til skóla gagnfræðastigsins, er lög þessi taka gildi, falla undir ákvæði þeirra, ef forráðamenn skólanna óska þess.